

Febrúar 2024



Samráðsvettvangur um jafnrétti kynjanna – Jafnréttisráð

Samantekt af þriðja fundi

6. desember 2023

Útgefandi:

Forsætisráðuneytið

Samráðsvettvangur um jafnrétti kynjanna – Jafnréttisráð. Samantekt af þriðja fundi.

Febrúar 2024

for@for.is

www.forsaetisraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla:

Forsætisráðuneytið

©2024 Forsætisráðuneytið

ISBN 978-9935-482-46-4

Efnisyfirlit

Um fundinn	4
1. Þátttakendur	5
2. Erindi um hatursorðræðu	7
2.1 Hvað er hatur?	7
2.2 Mun hatrið sigra?	9
3. Umræður og niðurstöður	10
3.1 Hvaða hlutverki þjónar fræðsla og vitundarvakning hvað hatursorðræðu varðar?.....	10
3.2 Hver eru mörkin milli hatursorðræðu og tjáningarfrelsis?.....	11

Um fundinn

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra boðaði til þriðja fundar samráðsvettvangs um jafnréttismál – Jafnréttisráðs þann 6. desember 2023. Hatusorðræða var umfjöllunarefni fundarins og fluttu dr. María Rún Bjarnadóttir, verkefnisstjóri stafræns ofbeldis hjá Embætti ríkislögreglustjóra og Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands erindi um málefnið. Auglýst var eftir aðilum til að skrá sig á fundinn en fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins, fræðasamfélaginu og samtökum sem vinna að kynjajafnrétti eiga rétt til setu á samráðsvettvanginum.

Að loknum erindum var unnið í hópum að því að ræða álitaeefni sem tengdust efninu. Þátttakendur á fundinum voru 40 sem skipt var á sex borð.

Álitaefnin sem voru til umræðu á borðunum voru eftirfarandi:

1. Hvaða hlutverki þjónar fræðsla og vitundarvakning hvað hatursorðræðu varðar?
2. Hver eru mörkin milli hatursorðræðu og tjáningarfrelsis?

Í umræðum var farið um víðan völl en veigamestu atriðin sem voru til umfjöllunar sneru að mikilvægi fræðslu og vitundarvakningar um afleiðingar hatursorðræðu, mörkin á milli hatursorðræðu og tjáningarfrelsis, leiðum til að sporna gegn hatursorðræðu og hvernig megi fjalla um hatursorðræðu á málefnalegan og uppbyggilegan hátt. Í kafla 3 er gerð grein fyrir helstu umræðum sem áttu sér stað.

Niðurstöður umræðna voru til hliðsjónar við gerð vitundarvakningar Jafnréttisstofu *Orðin okkar* sem var hleypt af stokkunum í janúar 2024 til að hvetja fólk til umhugsunar um áhrifamátt orða sinna. Herferðin er liður í að stuðla að auknu jafnrétti í íslensku samfélagi og berjast gegn hatursorðræðu og rótum hennar, s.s. fordómum, neikvæðum staðalímyndum og smánun minnihlutahópa. Niðurstöður umræðna verða jafnframt nýttar til frekari stefnumótunar í málaflokknum.



1. Þátttakendur

Boðað var til fundarins samkvæmt 24. grein laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þar segir að „minnst einu sinni á ári [skuli] kalla saman samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna, Jafnréttisráð, með fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins, fræðasamfélaginu og samtökum sem vinna að kynjajafnrétti samkvæmt lögum þessum.“ Í reglugerð um Jafnréttisráð – samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna, nr. 460/2021, segir jafnframt að fulltrúar sveitarfélaga og samtaka þeirra eigi rétt til þátttöku og auk þess geta lögaðilar sem starfa að jafnrétti kynjanna óskað eftir þátttöku samkvæmt auglýsingu þar um. Forsætisráðuneytið birti auglýsingu um þátttöku í samráðsvettvanginum 14. nóvember 2023.

Eftirfarandi aðilar tóku þátt í fundinum:

Alexandra Ýr van Erven	Landsamtök íslenskra stúdenta
Andrea Gunnarsdóttir	Ungmennafulltrúi Ísl. hjá SP á sviði jafnréttismála
Anna Lára Steindal	Landsamtökin Þroskahjálp
Anna Lúðvíksdóttir	Íslandsdeild Amnesty International
Arnar Gíslason	Háskóli Íslands
Auður Önnu Magnúsdóttir	Kvenréttindafélag Íslands
Bryndís Guðrún Knútsdóttir	Matvælaráðuneyti
Christina Milcher	W.O.M.E.N. - Samtök kvenna af erlendum uppruna
Drífa Snædal	Stígamót
Dýrleif Jónsdóttir	Landspítali
Guðmunda Smáradóttir	Landbúnaðarháskóli Íslands
Guðrún Elsa Tryggvadóttir	Reykjavíkurborg
Gunnar Jarl Jónsson	UNICEF á Íslandi
Heiðrún Björk Gísladóttir	Samtök atvinnulífsins
Helga Björg Ragnarsdóttir	Jafnlaunastofa
Helga Guðrún Jónasdóttir	Háskólinn á Bifröst
Huginn Þór Grétarsson	Samtök um karlaathvarf
Ingibjörg Ólafsdóttir	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Ísól Björk Karlsdóttir	Samtök um kvennaathvarf
Jenny Jóakimsdóttir	Kvenfélagasamband Íslands
Kristín I. Pálsdóttir	Rótin
Laufey Haraldsdóttir	Háskólinn á Hólum
Magnús Þór Jónsson	Kennarasamband Íslands
Margrét Steinarsdóttir	Mannréttindaskrifstofa Íslands
María Hjálmtýsdóttir	Félag kynjafræðikennara
Rakel Anna Boulter	Stúdentaráð Háskóla Íslands
Sara McMahan	UN Women á Íslandi
Sonja Símonardóttir	Háskólinn í Reykjavík
Sóley Björg Jóhannsdóttir	Ungar athafnakonur
Stefán Daníel Jónsson	Félagsmálaráðuneyti

Svandís Anna Sigurðardóttir	Stígamót
Tryggvi Hallgrímsson	Jafnréttisstofa
Unnur Ágústsdóttir	Heilbrigðisráðuneyti
Þorbjörg Þorvaldsdóttir	Samtökin '78
Þróstur Freyr Gylfason	Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Að auki tók þátt í fundinum starfsfólk forsætisráðuneytisins:

Guðjón Björn Guðbjartsson
Kristín Þóra Harðardóttir
Rán Ingvarsdóttir
Sighvatur Arnmundsson
Sunna Diðriksdóttir



2. Erindi um hatursorðræðu

2.1 Hvað er hatur?

Dr. María Rún Bjarnadóttir, verkefnisstjóri stafræns ofbeldis hjá Embætti ríkislögreglustjóra, flutti erindi um haturstjáningu í kjölfar setningarávarps forsætisráðherra. Hún fjallaði m.a. um skilgreiningar á hatursorðræðu, umfang vandans héraendis og erlendis og tilmæli Evrópuráðsins um hatursorðræðu.

Skilgreiningar

María Rún fór yfir þrjár skilgreiningar á hatursorðræðu, þ.e. skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og hvernig hún birtist í íslenskum lögum. Skilgreiningarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um hvers konar tjáningu, að tjáningin sé til þess fallin að ógna einstaklingi eða hópi og það vegna þess hver viðkomandi er, vegna t.d. þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar viðkomandi.

Í íslenskri löggjöf er hatursorðræða bönnuð í a-lið 233. gr. almennra hegningarlaga og 27. gr. laga um fjölmiðla.

Mismunandi alvarleiki tjáningar

Tjáning getur verið misjafnlega alvarleg. Hún getur verið allt frá því að vera rætin eða illkvittin yfir í það að flokkast sem alvarleg birtingamynd haturs s.s. hvatning til þjóðarmorða eða hryðjuverka. Mismunandi alvarleiki tjáningar fellir hana í mismunandi „verndarflokka.“

1. Tjáning sem nýtur verndar tjáningarfrelsis.
2. Tjáning sem nýtur verndar tjáningarfrelsis, en heimilt er að skerða með vísan til hagsmuna annarra.
3. Tjáning sem nýtur ekki verndar tjáningarfrelsis.

Undir hvaða flokk tjáning fellur fer t.d. eftir inntaki og samhengi tjáningarinnar.

Þá vísaði María Rún m.a. í dóm Mannréttindadómstóls Evrópu er hún fjallaði um verndarhagsmuni þegar kemur að hatursfullri tjáningu.

„[...] með vísan til nauðsynjar umburðarlyndis í fjölmeningar-samfélögunum sem byggja á lýðræðisfyrirkomulagi, geti verið nauðsynlegt að tiltekin tjáning sé refsiverð eða jafnvel komið í veg fyrir hana.“

(Gunduz v Turkey 2003 para 40.)

Ekki séríslenskur vandi

Hatursorðræða er ekki séríslenskur vandi og hafa mörg ríki tekið markviss skref til þess að vinna gegn haturstjáningu í eigin samfélögum. Sem dæmi hafa Noregur og Bretland verið með sérstakar aðgerðaráætlanir gegn hatursorðræðu, Danmörk og Bretland hafa ráðist í markvissar aðgerðir í forvarnarskygni og Þýskaland er með löggjöf um sérstaka hatursorðræðu. Þá er hatursorðræða viðfangsefni sem alþjóðastofnanir á borð við Evrópusambandið, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Evrópuráðið og Sameinuðu þjóðirnar hafa fengist við.

Tilmæli Evrópuráðsins um baráttu gegn hatursorðræðu

María Rún benti á nýleg tilmæli Evrópuráðsins CM/Rec (2022)16 um baráttu gegn hatursorðræðu. Um er að ræða heildstæða nálgun til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn haturstjáningu. Lykilatriði tilmælanna snúa m.a. að löggjöf, vitundarvakningu, menntun, þjálfun og notkun and-tjáningar, stuðning fyrir þau sem eru skotmörk haturstjáningar, vöktun og greiningu á haturstjáningu, samhæfingu á landsvísu og alþjóðlegri samvinnu.

Tilmæli Evrópuráðsins CM/Rec (2022)16 um baráttu gegn hatursorðræðu má finna á íslensku á [vef stjórnarráðsins](#).

Ýmsar heimildir

Að lokum tiltók María Rún ýmsar skýrslur og gögn og vakti sérstaka athygli á umfjöllun um afleiðingar hatursglæpa í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá 2008.

„Fórnarlömb hatursglæpa kunna að upplifa meiri kvíða, reiði, hræðslu, einangrun, öryggisleysi og þunglyndi. Hræðslan og kvíðinn sem hatursglæpir kalla fram ná lengra en til viðkomandi fórnarlamb. Hún nær einnig til fjölskyldu hans og þess hóps eða samfélags sem fórnarlambið tilheyrir. Meðlimum hópsins líður sem brotið hafi verið á þeim auk þess sem þeir eru minntir á að þeir séu varnarlausir og geti orðið fyrir barðinu á samskonar árás.“

(Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2008)

Hlekkir á frekari skýrslur og gögn:

- [Hat och hot på nätet](#)
- [Haturstjáning online og opinber umræða \(2017\)](#)
- [Úrræði og aðstoð \(SE\) brá](#)
- [Úrræði og aðstoð \(SE\) make equal](#)
- [International hate studies network](#)
- [Hate crime reform – Law Commission \(eng\)](#)

2.2 Mun hatrið sigra?

Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands og formaður Rauða krossins á Íslandi, flutti erindið *Mun hatrið sigra?* Hún fjallaði um hættulega orðræðu, hatursorðræðu og hatursglæpi, umfang vandans og leiðir til að vinna gegn hatursorðræðu.

Hættuleg orðræða, hatursorðræða og hatursglæpir

Silja Bára fór yfir muninn á hættulegri orðræðu, hatursorðræðu og hatursglæpum og hvernig hættuleg orðræða getur stigmagnast.

Hættuleg orðræða er tjáning sem eykur hættuna á að viðtakendur umberi eða taki þátt í ofbeldi gegn meðlimum annars hóps, t.d. afmennskun.

Hatursorðræða er að særa, móðga eða hóta fólki eða hópum fólks á grundvelli fötlunar, kynþáttar, litarhafts, trúar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, kynvitundar o.fl. Hatursorðræða á þátt í að kynda undir ofbeldi gegn minnihlutahópum sem getur endað með hörmungum og getur þ.a.l. talist réttlæt看legt að takmarka tjáningarfrelsi til að koma í veg fyrir hatursglæpi.

Hatursglæpur er verknaður sem varðar almenn hegningarlög og er framinn af ásetningi sem byggist á fullu eða hluta til á neikvæðum viðhorfum til þolanda vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar viðkomandi.

Umfang vandans

Samkvæmt rannsókn Fjölmiðlanefndar um upplýsingaóreiðu og skautun í íslensku samfélagi frá 2022 höfðu 31,5% svarenda tekið eftir eða upplifað af eigin raun hatursfull ummæli á netinu á síðustu 12 mánuðum en árið 2021 höfðu 24,1% tekið eftir eða upplifað slík ummæli. Til samanburðar var þessi tala 7% í sambærilegri könnun í Noregi.

Í sömu skýrslu kemur fram að ögranir og/eða háð hafi haft neikvæð áhrif á þátttöku 43% svarenda í umræðum á netinu.

Að vinna gegn hatri

Silja Bára fjallaði um gagnræðu og hvernig megi beita henni til þess að vinna gegn hatursfullum ummælum. Gagnræða getur verið áhrifamikil tól því hún nær ekki aðeins til þeirra sem setja fram hatursorðræðu, heldur líka þeirra sem lesa hana og heyra og virkja þannig mögulega þau sem annars sætu hjá í umræðum. Þá geti það reynst mikilvægt þeim sem hafa orðið fyrir hatursfullri eða hættulegri orðræðu að finna fyrir stuðningi. Beita megi gagnræðu með ýmsum hætti t.d. með mögnun, húmor, smánun, menntun eða samkennd.

Silja Bára nefndi nokkur dæmi um mismunandi gagnræðu, t.d. fyrrum danska þingmanninn Ozlem Cekic sem hefur stundað það að hitta fólk sem hefur sent henni hatursfull skilaboð yfir kaffibolla með það að leiðarljósi að vinna gegn hatri. Það hefur gjarnan gengið vel.

3. Umræður og niðurstöður

Þátttakendum var skipt niður á sex borð og hverju borði var úthlutað eitt af tveimur álitaeftum til að ræða. Á hverju borði var umræðustjóri og ritari sem tók saman umræður hópsins. Umræður voru líflegar og flest borðin komu inn á bæði álitaeftin sem voru til umræðu á fundinum. Hér að neðan eru umræður flokkaðar niður eftir álitaeftunum og undir þeim eru veigamestu sjónarmið dregin fram.

Álitaeftin:

1. Hvaða hlutverki þjónar fræðsla og vitundarvakning hvað hatursorðræðu varðar?
2. Hver eru mörkin milli hatursorðræðu og tjáningarfrelsis?

Farið var um víðan völl í umræðum en brýnustu verkefni sem voru nefnd hvað oftast má flokka í eftirfarandi flokka:

- Mikilvægi fræðslu
- Vitundarvakning um hatursorðræðu og afleiðingar slíkrar tjáningar
- Mörkin á milli hatursorðræðu og tjáningarfrelsis
- Leiðir til að sporna gegn hatursorðræðu að teknu tilliti til tjáningar- og skoðanafrelsis
- Umræðu um hatursorðræðu á málefnalegan og uppbyggilegan hátt

3.1 Hvaða hlutverki þjónar fræðsla og vitundarvakning hvað hatursorðræðu varðar?

Mikilvægi fræðslu

Mikill samhljómur var um að brýnt væri að ráðast í fræðslu- eða vitundarvakningarátak um hatursorðræðu. Margir fundargestir höfðu orðið varir við aukningu í hatursfullri tjáningu á síðustu misserum, sér í lagi á samfélagsmiðlum. Algóritmar samfélagsmiðlanna geti ýtt undir skautun og hatur og því sé mikilvægt að huga vel að því hvernig megi vinna gegn þeirri þróun.

Til tals kom hversu mikilvægt væri að lyfta umræðunni um hvaða áhrif orð geta haft. Í því samhengi sé lykilatriði að hlusta á þau sem verða fyrir hatursorðræðu í íslensku samfélagi.

Einnig var rætt um mikilvægi þess að rými væri til að gera mistök. Sum hatursfull tjáning er sett fram með ásetningi en önnur er sett fram vegna vanþekkingar. Það sé því rými til að styðja hluta hópsins til að öðlast skilning á afleiðingum orða sinna og þar með draga úr umfangi hatursfullrar tjáningar.

Ýmsir hópar voru sagðir þurfa á fræðslu um hatursorðræðu að halda. Á nokkrum borðum var rætt að fræðsla þyrfti að hefjast strax í leikskóla en það var einnig talað um að fullorðnir þyrftu ekki síður á fræðslu að halda. Einnig þyrfti að hafa í

huga hvort starfsfólk í ákveðnum stéttum þar sem meiri þörf er á skilning hatursorðræðu og afleiðingum hennar þyrftu sérstaklega á fræðslu að halda.

Leiðir til að efla vitund almennings um afleiðingar hatursorðræðu

Talsvert var rætt um hvernig sé best að auka vitund almennings um hatursorðsorðræðu. Hægt sé að höfða til almennings með staðreyndum um alvarlegar afleiðingar hatursorðræðu en það má líka gera með því að lyfta raunverulegum sögum fólks sem verður fyrir hatursorðræðu. Það geti hjálpað fólki að setja sig í spor annarra að heyra sögur sem eru ekki of langt frá eigin veruleika.

Ef vekja á fólk til vitundar um hvaða afleiðingar orð þeirra geta haft er mikilvægt að vanda til verka. Fólk er hrætt við að vera stimplað ef það segir eitthvað vitlaust og það er oft vanþekking á bak við hættulega eða hatursfulla tjáningu frekar en illur ásetningur. Ef beita á gagnræðu í andsvörum við fólk sem setur fram haturstjáningu er mikilvægt að gera það ekki með hættulegri orðræðu.

Höfða verði til borgaralegrar ábyrgðar almennings, þ.e. að fólk láti sig varða hatursfulla orðræðu með því að stoppa hana verði hennar vart.

Vitundarvakning í formi sjónvarpsauglýsinga, sjónvarpsþátta, hlaðvarps og auglýsinga á samfélagsmiðlum eru meðal þeirra hugmynda sem komu fram.

Bent var á að hatursorðræða væri ekki séríslenskt vandamál og því ættum við að horfa til fyrirmynda, t.d. frá Noregi þar sem mikið hefur verið gert til að auka vitund um hatursfulla tjáningu.

3.2 Hver eru mörkin milli hatursorðræðu og tjáningarfrelsis?

Í umræðum um spurninguna var helst fjallað um hvernig megi sporna við hatursorðræðu með tilliti til tjáningarfrelsis og hvernig það eigi að ræða um hatursorðræðu á málefnalegan hátt. Fjallað var um hver væri ásættanleg takmörkun á tjáningarfrelsi, alvarleika afleiðinga hatursorðræðu og ábyrgð fjölmiðla. Þá var almennt talað fyrir fræðslu frekar en smánun eða refsingum ef fólk gerist sekt um að viðhafa hatursfulla tjáningu.

Hvar liggja mörkin?

Rétturinn til að tjá sig eru mikilvæg mannréttindi. Um það var rætt að frelsi fólks hefði þó þau takmörk að það megi ekki skaða aðra og það ætti vel við í þessu tilfalli. Það sé þó grátt svæði til staðar og það er áskorun. Sum orðræða geti verið hættuleg þó hún falli ekki undir skilgreiningu hatursorðræðu. Það séu ýmis viðkvæm mál sem sé mikilvægt að ræða en í slíkum tilfellum þarf að vanda orðræðu sérstaklega.

Hatursorðræða sé þó ágætlega skilgreind, líkt og var farið yfir í fyrirlestri Maríu Rúnar, þ.e. að um sé að ræða hvers konar tjáningu og að hún sé til þess fallin að ógna einstaklingi eða hópi vegna þess hver viðkomandi er.

Leiðir til að sporna gegn hatursorðræðu að teknu tilliti til tjáningar- og skoðanafrelsis

Umræður hverfðust að þó nokkru leiti um hver væri ásættanleg takmörkun á tjáningarfrelsi þegar kemur að því að sporna við hatursorðræðu.

Því var velt upp hvort væri hægt að takmarka sýnileika hatursorðræðu á netinu t.d. með því gera fjölmiðla ábyrgari fyrir því sem birtist í athugasemdum almennings á þeirra síðum. Það sé ekki ásættanlegt að fjölmiðlar skýli sér bak við Facebook og aðra samfélagsmiðla ef hatursfull orðræða á sér stað í athugasemdum við þeirra fréttir.

Þá voru viðráðar hugmyndir um hvort mætti dæma aðila sem brytu í bága við hatursorðræðuákvæði hegningarlaga til fræðslu til að fullnusta dóma, líkt og er gert vegna brota á umferðarlögum.

Þátttakandi varpaði fram eftirfarandi spurningu í umræðunum:

„Erum við of föst í lagalegum skilgreiningum í stað þess að velta fyrir okkur hvernig við getum aukið umburðarlyndi og virðingu?“
(Þátttakandi á samráðsvettvangi um jafnréttismál)

Hvernig ræðum við hatursorðræðu á málefnalegan og uppbyggilegan hátt?

Talið var mikilvægt að koma fólki í skilning um að hatursorðræða sé ofbeldi. Fólk eigi að geta sameinast um að vilja koma í veg fyrir að ofbeldi þrífist í þeirra samfélagi.

Þá var rætt um að hægt sé að vinna gegn hatursorðræðu bæði persónulega en líka kerfislega. Þau sem berjast fyrir mannréttindum þurfi að ganga fram með góðu fordæmi í umræðunni og auka þannig vitund.. Smánun eigi ekki að vera lausnin, frekar fræðsla. Það sé þó ekki sanngjarnt að setja þessa ábyrgð á fólk sem verður fyrir hatursorðræðu. Stjórnvöld verði einnig að beita sér gegn upplýsingaóreiðu og hatursorðræðu.

Sú hugmynd kom upp að félagasamtök sem standa í eldlínunni þegar kemur að hatursorðræðu taki sig saman um mótvægisáðgerðir í samvinnu við stjórnvöld t.d. með því að setja upp upplýsingabanka með leiðbeiningum um hvernig megi beita gagnorðræðu. Þá mætti íslenska erlendar upplýsingasíður um hættulega orðræðu.

Það sé alltaf til bóta að safna tölfræði til að varpa ljósi á vandann. Lögreglan er til dæmis með tölfræði um hatursglæpi og Fjölmiðlanefnd safnar tölum yfir það hversu mörg hafa tekið eftir eða upplifað af eigin raun hatursfull ummæli á netinu.

Ýmsar áskoranir eru þó til staðar. Hætt er við að ákveðnir hópar geti misnotað hugtakið, það eru duldir fordómar í samfélaginu sem erfitt er að eiga við og það

er erfitt að átta sig á hvað gerir einstaklinga móttækilega fyrir hatursorðræðu. Þá þurfi að virkja karla í umræðunni um jafnréttisumræðunni þ.m.t. umræðunni um hatursorðræðu.

Skautun var talið vaxandi vandamál. Einstaklingar virðist almennt upplifa sig „réttu megin“ í umræðunni en ef beita á gagnræðu er mikilvægt að beita ekki hættulegri orðræðu gagnvart þeim sem eru á öðrum meiddi.

Þá var ítrekað minnt á mikilvægi þess að hafa augun á boltanum. Verkefnið sé að finna leiðir til að styðja þá hópa sem verða fyrir hatursorðræðu og koma réttum upplýsingum og staðreyndum á framfæri.